

Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum

Stofnunarúttekt
Háskólinn á Bifröst
- Samantekt -

Mars 2021



Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Háskólanum á Bifröst sem var gefin út á ensku þann 12. mars 2021¹. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2nd Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu Gæðaráðs íslenskra háskóla (www.qef.is).

Dr. Andrée Sursock

Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson

Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

¹ Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á <https://qef.is/assets/PDFs/Universities/QEF2-IWR-Report-for-publication.pdf>

Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Patricia Maguire Meservey, formaður úttektarhópsins. Fyrirverandi rektor, *Salem State University*,
B.N.A.

Ragnar Árnason, fulltrúi stúdenta. Stjórnarmeðlimur í Sambandi íslenskra námsmanna erlendis
(SÍNE).

Iain Morrison. Aðstoðarrektor stúdentamála, *University of the Highlands and Islands*, Skotlandi.

Anneli Pirttilä. Fyrirverandi rektor, *Saimaa University of Applied Sciences*, Finnlandi.

Lewis Purser, ritari úttektarhópsins. Framkvæmdastjóri náms- og kennslumála, *Irish Universities Association*, Írlandi.

Oliver Vettori. Aðstoðarrektor viðurkenninga og gæðamála, *Vienna University of Economics and Business*, Austurríki.

1. Um úttektina

Stofnunarúttekt á Háskólanum á Bifröst fór fram í fjarfundum í október 2020 og skýrsla um þá úttekt birtist á ensku þann 12. mars 2021. Háskólinn lagði fram sjálfsmatsskýrslu sem lið í undirbúningi heimsóknarinnar þann 30. júní 2020. Háskólinn hafði lokið sjálfsmati faglegra eininga vorið 2019. Í fyrstu lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum var stofnunarúttekt Háskólans á Bifröst framkvæmd árið 2015 og sjálfsmat faglegra eininga fór fram árin 2014-2015.

Þessi úttekt var framkvæmd í samræmi við handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða (2. útgáfa) sem kom út árið 2017². Einnig tók úttektarhópurinn tillit til krafna og leiðbeininga fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area*)³.

2. Samantekt niðurstaðna

2.1. Almenn samantekt

Úttektarhópurinn þakkar rektor, stjórn Háskólans á Bifröst, Háskólaráði, Fulltrúaráði, starfsfólki og nemendum fyrir góðar móttökur. Samræður á meðan á fundum stóð voru uppbyggilegar, og viðmælendur hópsins voru án undantekninga jákvæðir, hreinskilnir og áhugasamir um að koma til skila skoðun sinni á hvernig skólinn nálgast gæðastjórn og veita hjálpleg dæmi.

Nýr rektor hóf störf fyrir þremur mánuðum og eru vísbendingar um viðleitni hennar til að styrkja forgangsröðun og efla gæði. Sjálfsmatsskýrslan var til vitnis um háskóla í þróun, sem hefur einnig lagað sig vel að yfirstandandi heimsfaraldri. Á nokkrum sviðum hafa verið framfarir í kjölfar síðustu stofnunarúttektar og skýrslu sem var gefin út um eftirfylgni hennar.

² www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf

³ www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG_2015.pdf

Almennt má segja að úttektarteyminu hafi mætt háskóli sem leggur mikla áherslu á nemendur sína og námsumhverfi þeirra. Stúdentahópurinn er að ýmsu leyti óhefðbundinn að samsetningu, en nýtur góðs af kennsluaðferðum með góð tengsl við hagnýtingu þekkingar utan veggja skóla og tengslum við atvinnulíf og samfélag. Háskólann á Bifröst hefur að mati úttektarteymisins borið kennsl á styrkleika sína, er meðvitaður um hvar brýnust er þörf á umbótum og er á vegferð til að ná sínum markmiðum og uppfylla sínar skuldbindingar gagnvart nemendum.

Úttektarteymið aflaði sér upplýsinga í gegnum sjálfsmatsskýrsluna og í viðtölum til að undirbyggja þær traustsyfirlýsingar sem fram koma í köflum 2.4 og 2.5 hér að neðan.

2.2. Samantekt á styrkleikum

- Full þátttaka allra hagsmunaaðila í gerð sjálfsmatsskýrslu og aðkoma þeirra að stefnumótun skólans.
- Nýr rektor hefur haft jákvæð áhrif á starfsemina með auknum gæðakröfum og metnaði í þjónustu við námsmenn og atvinnulíf, og samræmingu skipulags og stefnumótunar.
- Yfirstjórn og starfsmönnum skólans er ljóst hvar umbóta er þörf og eru staðráðnir í að efla rannsóknir, tækni, söfnun upplýsinga og upplýsta ákvarðanatöku.
- Háskólinn hugar að velferð nemenda og er það mat stúdenta, jafnt sem kennara, starfslíðs og fyrrum nemenda. Útskrifaðir nemendur lýstu einnig yfir stolti af sínum skóla.
- Þeir námsmenn sem ekki hafa fótað sig annars staðar í menntakerfinu hafa fengið stuðning frá Háskólanum á Bifröst til þess að ljúka sínu námi. Nemendur eru sáttir við gæði kennslu og samskipti við kennara, og vita jafnframt hvert þeir eiga að leita eftir aðstoð.
- Úrbætur hafa verið gerðar á skipulagi náms frá úttektinni árið 2015, með skýrum hæfniviðmiðum og námsmati.
- Kennslufræðileg nálgun skólans byggir á samþættingu hins fræðilega og hins hagnýta með framlagi stundakennara úr atvinnulífinu til að tryggja tengsl náms við vinnumarkaðinn. Stúdentar eru ánægðir með þessa nálgun.

- Úttektir faglegra eininga hafa skilað sér í aðgerðaáætlunum og áherslum á að efla gæði kennslu.
- Fjárhagsleg staða háskólans hefur styrkst á síðustu árum sem hefur gert kleift að fjárfesta í mannauði og upplýsingatæknilausnum til að bæta námsumhverfi stúdenta.
- Innleiðing er hafin á nýjum gagna- og upplýsingakerfum sem bjóða upp á mikil tækifæri í kennslu, námsframboði, gagnaöflun og afköstum starfsmanna.
- Viðbrögð skólans við COVID-19 faraldrinum voru viðeigandi og leiddu ekki til truflana á kennslu eða rofi á stuðningi við stúdenta eða kennara.

2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Framtíðarsýn skólans er flókin og margþætt. Því þarf að skýra betur stefnu skólans, og samhliða þeirri vinnu efla forgangsröðun og framkvæmd aðgerðaáætlana innan skólans.
- Í ljósi metnaðarfullrar framtíðarsýnar sem kom fram í viðtölum við rektor skólans þarf skýrari stefnu um nýtingu á mannauði og áætlanir um markvissa uppbyggingu á mannauði með nýjum ráðningum. Alhliða frammistöðumat og starfsþróunarstefna myndu styðja enn frekar við þá framtíðarsýn.
- Skortur er á gagnamiðaðri ákvarðanatöku. Stefnu og aðgerðaáætlanir skortir töluleg markmið fyrir árangursvísa og tímalínur.
- Háskólinn beitir ekki formlegri nálgun í samanburði við aðra háskóla, innan lands sem utan og tekur ekki markvisst mið af góðu verklagi í öðrum háskólum.
- Þrátt fyrir mörg dæmi um góðan árangur stúdenta með mismunandi bakgrunn eru margir sem klára ekki sínar gráður, og ekki er leitast við að finna skýringar á því með markvissum hætti.
- Þörf er á endurskoðun námsframboðs með tilliti til stefnu skólans, þarfa nemenda og sérhæfingar kennara. Þetta ber að skoða í ljósi þess að skólinn treystir í miklum mæli á vinnuframlag stundakennara.

- Þrátt fyrir að skólinn hafi útbúið lýsingar á ýmsu vinnulagi, þá er þörf á betri eftirfylgni og símati á gæðavísunum.
- Bæta þarf gæðamat námsleiða, mat á frammistöðu kennara og mat á menntun stundakennara. Einnig þarf að fylgjast betur með því að innihald námsins sé viðeigandi og uppfylli fræðilegar kröfur.
- Upplýsingagjöf til nemenda þarf að bæta og niðurstöður kannana og annarrar gagnasöfnunar skila sér ekki til þeirra. Sérstaklega þarf að gæta þess að slíkar niðurstöður berist til stúdenta þegar kennsla fer fram að svo miklu leyti með stafrænum hætti.
- Úttektarteymið skoðaði úrtak af námsgögnum úr kennslukerfi skólans. Þau námsgögn mæta ekki þeim alþjóðlegu viðmiðum sem skólinn þyrfti að uppfylla ef hann byði upp á nám á erlendum markaði, sem er eitt sóknarfæri skólans sem var nefnt í úttektarferlinu.
- Þótt háskólinn hafi bætt úr skilgreiningum á hlutverki og ábyrgð stjórna og nefnda innan skólans er ekki ljóst hvort það hafi aukið skilvirkni ákvarðanatöku.
- Þörf er á að styrkja tengsl við nærsamfélag háskólans, atvinnulíf, útskrifaða nemendur og aðra hagaðila. Einnig þarf að nýta betur gögn um núverandi og útskrifaða nemendur til stefnumótunar, þróunar á námsleiðum og til að styrkja ímynd skólans.
- Styðja þarf við nemendafélags skólans til að taka meiri þátt í stefnumótun og gæðastarfi innan hans, auk þess sem þörf er á að styðja það til réttindavörslu fyrir stúdenta. Viðfangsefni félagsins snúast nú flest um að halda uppi félagslífi.

2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektarhópurinn ber takmarkað traust til núverandi starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir.

Í ljósi nýrrar forystu skólans, hagstæðari stöðu í fjármögnun hans og framkvæmdar aðgerðaáætlana til að vinna að þeim umbótum sem mælt er með í þessari skýrslu telur úttektarteymið að mögulegt verði að aflétta takmörkuðu trausti þegar fram líða stundir.

2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans á Bifröst til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar.